

## **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að vikka út Jafningjafræðsluna og jafningjafræðslu almennt séð**

Tillaga Flokks fólksins um að fjölga stöðugildum Jafningjafræðara um tvö stöðugildi, að fræðslan nái til fleiri sviða og skoðað verði hvort betur henti að ráða yngri þjálfara sem hefðu það hlutverk að miðla/þjálfa tómstundum/leikjum og list. Fræðarar eru nú 11 og fræða ungmenni um það sem endurspeglar unglinga- og ungmennamenningu hvers tíma. Nú anna fræðarar ekki eftirspurn og skortur er á fræðurum yfir vetrartímamann. Markmiðið með fjölgun er að Jafningjafræðslan geti unnið meira í samræmi við reglur um Jafningjafræðslu sem er „að starfa allt árið um kring og heimsækja félagsmiðstöðvar, grunn-, framhalds- og vinnuskóla og fræðslan snúi að margvíslegum málafnum og hópeflisleikjum“ Flokkur fólksins leggur jafnframt til að aldursbil „fræðara“ færist neðar og kallist þeir þá jafningjaþjálfarar. Þjálfun yngri jafningjaþjálfara er annars eðlis en fræðara Jafningjafræðslunnar enda um að ræða önnur svið. Þeirra hlutverk væri aðeins að þjálfa/miðla svo sem í tómstundum, leikjum, (spila á spil, hljóðfæri, syngja), leiklist, hönnun, saumi, teikun, málun, leirun, dansi (Street-dans, Fortnite, Zumba, Hiphop), jóga, skapandi hreyfingu eða annað sem barn telur sig hafa færni í og langar til að miðla. Þjálfun gæti t.d. átt heima í félagsmiðstöðvum og skóla- of frísundastarfi/tómstundastarfi grunnskólanna. Ávallt skal þess þó gætt að því að ungmenni verði aldrei sett í aðstæður sem þau ráða ekki við.

### **Greinargerð:**

Markmið Jafningjafræðslunnar er metnaðarfullt og nær yfir mörg svið m.a. að skemmta sér saman og byggja upp vináttutengsl. Fræðslan einskorðast núna að mestu við að fræðslu sem miðar að því að styrkja sjálfsmynd og byggja upp sjálfstraust og öryggi. Sá þáttur getur aðeins verið í höndum eldri fræðara sem hafa gengið í gegnum strangt ráðningarferli og þriggja vikna undirbúningsnámskeið.

Meðal grunnskólanema býr mikil færni á ýmsum sviðum og finnst borgarfulltrúa Flokks fólksins það eftirsóknaveitt að skoða hvort þau hafi áhuga á að miðla til annarra barna sem vilja meðtaka og læra. Þjálfun yngri þjálfara gæti tengst sérstökum tómstundadögum í skólum/félagsmiðstöðvum eða á þemadögum, sem dæmi um nálgun. Slíkir dagar krefjast skipulagningar og samvinnu þeirra sem að koma (nemendur, kennarar, starfsmenn félagsmiðstöðva). Á slíkum dögum þyrftu allir að fá tækifæri.

Flokkur fólksins leggur til að fulltrúar Hins Hússins hitti fulltrúa SFS og félagsmiðstöðva til að fara yfir hvaða möguleikar eru í stöðunni.

Jafningjafræðarar fræða ungmenni í Vinnuskólanum á sumrin. Flestir fræðarar Jafningjafræðslunnar eru í námi á veturnum. Á veturna þegar þau eru byrjuð í skólanum hafa þau þurft að fá frí úr tímum. Borgarfulltrúa Flokks fólksins finnst mikilvægt að fræðslan geti verið jafnari allt árið og þannig í meira samræmi við reglur Jafningjafræðslunnar. Eftirspurn eftir fræðurum er mikil. Starfsemin eins og hún er í dag er langt því frá fullnýtt ef tekið er mið af reglum um Jafningjafræðsluna.

Flokkur fólksins leggur til að reyna að semja um að fræðarar Jafningjafræðslunnar fái einingar/punkta sem hluta af áföngum t.d. í íþróttum og/eða félagsfræði. Mælt er til að ÍTR eigi frumkvæði að slíku samtali við framhaldsskólana/menntayfirvöld.

Fleiri stöðugildi gætu auðveldað Jafningjafræðslunni að sinna þessu mikilvæga hlutverki sínu því þá myndi fræðslan dreifast á fleiri fræðara. Í þessu samhengi má geta þess að vetrarfræðslan er fjármögnuð með styrk frá Lýðheilsusjóði þar sem fræðararnir fá greitt fyrir hverja fræðslu.

Hugmyndafræði Jafningjafræðslunnar er gulls ígildi. Það er löngum þekkt að börn og unglingar meðtaka oft betur og skýrar fræðslu, kennslu og leiðbeiningar frá jafningjum sínum frekar en fullorðnum. Fræðsla Jafningjafræðslunnar er gagnvirk og unnin á jafnréttisgrundvelli. Grundvöllur jafningjafræðslu er að sá sem kennir og sá sem meðtekur

hafi svipaðan reynsluheim. Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur mikinn áhuga á að fleiri geti notað góðs af, bæði sem miðlarar og einnig sem meðtakendur.